


# EYSTRAHORN

33.tbl. 41. árgangur

5. október 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



# FJÖLMENNI Á GÓÐGERÐARKVÖLDI Í SINDRABÆ!



Á laugardagskvöldið s.l. var haldið góðgerðarkvöld í Sindrabæ til styrktar Krabbameinsfélagi Suðausturlands. Samnefnari þeirra sem fram komu á kvöldinu, var sá, að með einum eða öðrum hætti höfðu þeir stigið á svið með Hauki Þorvalds en hann var einmitt 80 ára þetta kvöld. Alls komu fimm hljómsveitir fram: EKRUBANDIÐ-RINGULREIÐ-STRÁKARNIR HENNAR STÍNU-BORGARARNIR-HLJÓMSVEIT HAUKS HELGA. Auk þeirra flutti Þorvaldur Borgar Hauksson lagið Stál og hnífur, ásamt því að vera kynnir kvöldsins. Mikil og góð stemning var allt kvöldið hjá þeim 160 manns sem mættu og endaði kvöldið að sjálfsögðu með laginu um hana Rabbarbara Rúnu! Ágóði af kvöldinu nam 450.000.00 krónum. Krabbameinsfélagið vill færa þeim sem sóttu kvöldið fyrir sín framlög og sérstaklega öllum þeim tónlistarmönnum sem stóðu fyrir góðgerðarkvöldinu! Þetta styrkir félagið enn frekar við að aðstoða þá sem leita sér aðstoðar til félagsins í að ná árangri í baráttunni við meinið!

*Minum á bleiku slaufuna!*

*Kærar þakkir og kveðjur til ykkar!*

*Stjórn Krabbameinsfélags Suðausturlands.*

## HÖFN FRAMTÍÐARINNAR

Hvernig verður bærinn?

*Hvernig viljum við að hann verði?*

Skipulagi þéttbýlisins á Höfn er annars vegar stýrt með aðalskipulagi fyrir bæinn sem heild og hins vegar með deiliskipulagi fyrir einstaka reiti. Í aðalskipulagi er sett fram stefna um þróun bæjarins og ákveðið hvaða starfsemi á heima hvar, lagðar línur fyrir megin gatnakerfi og sett ákvæði um einkenni byggðar til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Í yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Hornafjarðar er farið yfir þróun atvinnulífs, samfélags- og umhverfismála og metið hvort breyta eigi stefnu og ákvæðum aðalskipulags eða útfæra nánar, bæði m.t.t. breyttra forsendna um væntanlega þróun og til nýrra eða tiltekinnna áherslumála.

Sveitarfélagið óskar nú eftir þátttöku íbúa í að móta framtíðarsýn fyrir Höfn og býður til opins fundar í Vöruhúsinu á Höfn þann 11. október nk. kl. 17:00. Þar munu skipulagsráðgjafar kynna vinnu við endurskoðun aðalskipulags og fara yfir helstu skipulagsviðfangsefni fyrir þéttbýlið á Höfn. Síðan verður umræða um viðfangsefni í 6-8 manna hópum til að fá fram sjónarmið og hugmyndir íbúa. Efníð frá fundinum verður nýtt til þess að móta tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir bæinn sem verður kynnt síðar í vetur og gefst þá aftur tækifæri til að koma með ábendingar og sjónarmið áður en tillagan verður fullunnin og auglýst formlega í samræmi við skipulagslög.

Samskonar fundir verða haldnir síðar í vetur þar sem málefni dreifbýlisins verða tekin fyrir.

Íbúar á öllum aldri eru hvattir til að mæta á fundinn og leggja þannig sitt að mörkum til að skapa Höfn framtíðarinnar!

Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

HEILSUEFLANDI SAMFELAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
vildan.horn.is

### Höfn framtíðarinnar Hvernig búsetuumhverfi viljum við?

Bæjarstjórn býður til íbúafundar um mótun byggðar og umhverfis á Höfn. Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 11. október kl. 17:00-19.30** í Vöruhúsinu.

Tilfni fundarins er yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Fundinum er ætlað að fá fram sjónarmið og hugmyndir íbúa um framtíðarsýn og áherslur í skipulagi bæjarins. Sem upplagg að umræðum kynna skipulagsráðgjafar frá Alta greiningu og drög að markmiðum.

Allir sem hafa áhuga á framtíð bæjarins eru hvattir til að mæta! Boðið verður upp á súpu og brauð.

Upplýsingar um endurskoðun aðalskipulags má finna á vefnum [hornafjordur.is/adalskipulag](http://hornafjordur.is/adalskipulag).



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

*Brynja Dögg Ingólfsdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri*

# LOKAHÓF KNATTSPYRNUDEILDAR SINDRA

Lokahóf Knattspyrnudeildar Sindra var haldið hátíðlegt í Sindrabæ þann 16. september síðastliðinn. Vel var mætt og snæddu leikmenn, þjálfarar, stjórnir, gestir og foreldrar saman og fögnuðu uppskeru sumarsins. Stelpurnar enduðu sumarið vel með flottum sigri á síðasta heimaleik tímabilsins. Stjórnin skipulagði vel heppnaðan viðburð og reiddu fram dýrindis mat að hætti Stjána Guðna.

Verðlaunaafhending fór fram og fékk Robertas Freidgeimas verðlaun fyrir 100 leiki á Íslandsmóti fyrir Sindra og fengu þeir Hilmar Þór Kárason og Ibrahim Sorie verðlaun fyrir 50 leiki.

Verðlaun voru veitt í báðum flokkum fyrir efnilegasta, mikilvægasta og besta leikmann. Líkt og í fyrra voru það leikmenn beggja flokka sem kusu besta leikmann og var Arna Ósk val stelpnanna og Ivan Paponja val strákanna. Þjálfarar kusu efnilegasta og mikilvægasta leikmann og voru þau Freyr Sigurðsson og Kristín Magdalena Barboza kosin efnilegust. Mikilvægustu leikmenn voru Arna Ósk Arnarsdóttir og Bjarki Flóvent Ásgeirsson. Vert er að nefna að Medial ehf gaf verðlaunagripi kvöldins og þökkum við kærlega fyrir það.

Sindramaður ársins var heiðraður og var það Anouar Safiani sem hlaut það nafnbót og tók frændi hans, Adam Zriouil við verðlauninum fyrir hans hönd. Anouar er mikill Sindramaður og er ávallt tilbúinn að koma og vinna margvíslega sjálfböðavinnu fyrir félagið. Við erum honum ákaflega þakklát og stolt að hafa slíkan Sindramann innan okkar raða.

Sumarið var strembið fyrir bæði lið og var þjálfurum þeirra Óla Stefáni Flóventsson, Veselin Chilingirov og Jóhanni Bergi Kiesel sérstaklega þakkað fyrir þeirra verðmætu störf sem þjálfarar meistaraflökkanna. Einnig var Katrínu Birtu Björgvinsdóttur þakkað fyrir framlag sitt til fjölmiðla og samfélagsmiðla deildarinnar en hún hefur skilað framúrskarandi framlagi til deildarinnar í sumar á þeim sviðum.

Af ríkri hefð fengu yngstu leikmennirnir okkar viðurkenningu fyrir fyrstu meistaraflökksleiki sína og voru þeir margir þetta árið. Við erum svo sannarlega stolt af unga fólkinu okkar og frábært að sjá þau stiga sín fyrstu skref með meistaraflökku Sindra. Framtíðin er svo sannarlega björt hjá hverjum einasta leikmanni og hlökkum við til að sjá þau blómstra enn frekar.

Hjá meistaraflökku kvenna voru það eftirfarandi leikmenn:  
Berglind Stefánsdóttir

Birta Ósk Sigbjörnsdóttir  
Elín Chiing Kristjánsdóttir  
Emilía Alís Sumarrós Karlsdóttir  
Guðlaug Gísladóttir  
Inna Dimova  
Íris Ösp Gunnarsdóttir  
Helga Nótt Austar Egilsdóttir  
Lilja Rós Ragnarsdóttir  
Solyana Natalie Felekesdóttir  
Suna Gunn Paulína Stein  
Thelma Björg Gunnarsdóttir  
Veronika Gotseva

Hjá meistaraflökku karla voru það eftirfarandi leikmenn:

Adam Zriouil  
Björgvin Freyr Ólason  
Freyr Sigurðsson  
Ivan Paponja  
Jóhann Frans Ólason  
Oskar Karol Jarosz  
Óliver Berg Sigurðsson  
Patrekur Máni Ingólfsson  
Vignir Snær Borgarsson

Þær systur Ólöf María og Arna Ósk tóku sig saman og gáfu stelpunum úr 3. flokki viðurkenningu fyrir að spila með meistaraflökku kvenna. Með þessu vildu þær þakka þeim sérstaklega fyrir þeirra framlag í sumar en án þeirra hefði meistaraflökku kvenna ekki verið. Sumarið hjá þeim var sérstaklega erilsamt og eiga þær stórt hrós skilið fyrir allan sinn dugnað og metnað.

Kæru knattspyrnuáhugafólk, innilega til hamingju með árangurinn. Úrslitin eru ef til vill ekki það sem við vonuðum eftir en þrátt fyrir þau var árangurinn mikill. Bæði liðin höfðu tekið miklum breytingum frá síðasta keppnistímabili og náði karlaliðið ekki að halda sér í 2. deildinni en menn falla um deild, menn hækka um deild og menn standa í stað, svona virkar fótbolti. Vinna tímabilsins var ekki til einskis, langt í frá. Við nýttum tímabilið nákvæmlega á þann hátt sem við ætluðum, í að læra, bæta okkur sem leikmenn og bæta okkur sem lið út frá okkar forsendum. Úrslitin eru vissulega skemmtilegri þegar þau falla með okkur en eru ekki aðalatriðið, heldur sá árangur sem við náum sem lið. Okkar bestu þakkir fá styrktaraðilar knattspyrnunnar, nýir sem gamlir. Án dyggra stuðningsaðila væri þetta ekki hægt og erum við ykkur ákaflega þakklát. Að lokum viljum við þakka stuðningsmönnum. Takk fyrir að mæta í stúkuna, takk fyrir að styrkja Knattspyrnudeild Sindra, takk fyrir að hvetja liðin okkar, takk fyrir allt. Sjáumst á nýju keppnistímabili 2024! Áfram Sindri!



Mynd/ Ivan Paponja besti leikmaður 2023, Abdul Bangura veitti verðlaun, Bjarki Flóvent Ásgeirsson mikilvægasti leikmaður 2023 og Freyr Sigurðsson efnilegasti leikmaður 2023



Mynd/ Suna Gunn veitti verðlaun, Arna Ósk Arnarsdóttir besti leikmaður og mikilvægasti leikmaður 2023 og Kristín Magdalena Barboza efnilegasti leikmaður 2023.



Mynd/ Leikmenn Sindra sem spiluðu fyrsta meistaraflökksleik á tímabilinu.



Mynd/ Leikmenn Sindra sem spiluðu fyrsta meistaraflökksleik á tímabilinu.

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

Hausfundur Félags eldri  
Hornfirðinga verður í Ekru  
Þriðjudaginn 10. október kl. 16:00



Rætt verður um starfið framundan og  
það sem er félögunum hugleikið.

Tónlist flutt af nemendum Tónskóla A-Skaft.

**Gestir fundarins verða kjörnir fulltrúar  
Sveitarfélagsins**

Umræðuefnið er **Skipulagsmál þarfir eldri íbúa**

Spurningin er:

**Hvernig vilja kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar að endurskoða (nýtt)  
skipulag svári þörfum eldri íbúa?**

Gert er ráð fyrir að almennar umræður verði um  
málefnið, að loknum framsögum.

Léttar veitingar í fundarlok.

Mætum vel og höfum áhrif

Stjórn FeH

## Almennur Opnunartími Fab Lab

Þriðjudagar: 15:00 - 19:00  
Fimmtudagar: 15:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Vöruhúss  
sindriorn@hornafjordur.is / sími: 470-8475



## Bifreiðaskoðun á Höfn 16., 17. og 18. október.

Tímapantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 13. október.

Næsta skoðun 20., 21. og 22. nóvember.

*Þegar vel er skoðað*

## AA fundir



Reglulegir AA fundir eru haldnir í Safnaðarheimili Hafnarkirkju  
miðvikudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 17:30

Til þess að gerast AA félagi þarf aðeins eitt; Löngun til að hætta að drekka.

Við hvetjum öll  
að mæta í **bleiku**

HAFNARKIRKJA  
Sunnudaginn 8. október kl. 17:00

## Bleik Messa

Hugvekju Pjetur Eygló Kristjánsdóttir  
Frá Snæfellsnesi

Mítt bændiskip (bændastandur) blessað í messunni  
Heiðar og Kvennakór Hornafjarðar sjá um söng í messunni  
Söpa og brauð að lokinni messu og þar verður  
tekid á móti Frjálsun, Flælogum sem reista til  
Krábbameisfélag Suðausturlands  
Öll hjartalega velkomn

Lifandi vatn

### Dagskrá vinnunnar

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hlökkum til að sjá þig

Jesús segir:  
Ei nokkurn þyrstir þú komi þann  
til mín og drekk!  
Þú hefur þessu trú og þú  
munu renna  
þú tekur lífshættu  
þú hefur þessu trú

## SUNNUDAGASKÓLI

Sunnudaginn 8. október kl. 11:00

**BANGSABLESSUN**  
**BÖRN ERU HVÖTT TIL AÐ TAKA**  
**BANGSA MEÐ**



HAFNARKIRKJA



# GOLFMÓT SINDRA 2023



Golfmót Knattspyrnudeildar Sindra og Golfklúbbs Hornafjarðar var haldið laugardaginn 23. september í góðu haustveðri. Þátttakan var góð þar sem 29 keppendur voru skráðir til leiks en um var að ræða Texas scramble fyrirkomulag þar sem tveir þátttakendur spila saman. Vinningar voru fjölmargir og hver öðrum glæsilegri. Keppnin var ansi jöfn en

niðurstaðan var þessi:

1. sætið – Bergþóra Ágústsdóttir og Ágúst Halldórsson
2. sætið - Haraldur Jónsson og Elvar Arnarsson
3. sætið - Halldór Sævar Birgisson

Þá voru veitt svokölluð Nándarverðlaun sem að þessu sinni hlutu Halldór

Sævar Birgisson, Halldóra Katrín Guðmundsdóttir og Bergþóra Ágústsdóttir.

Einnig voru veitt verðlaun fyrir 10. sætið og voru það Margrét Ingólfsdóttir og Jón Finnsson sem hlutu þau verðlaun. Fjölmörg útdrattarverðlaun voru einnig veitt til annarra þátttakenda. Að loknu móti gæddu golfarar sér á dýrindis hamborgum frá Norðlenska og allir fóru saddir og sáttir heim eftir gott mót.

Golfmót Sindra er að verða árlegur viðburður enda einstaklega vel heppnað mót. Viljum við í bráðabirgðastjórn knattspyrnudeildarinnar þakka öllum þeim sem styrktu mótið en það voru:

Hótel Höfn, Jöklajeyppar og ís, Pakkhúsið, ÓJK - ÍSAM heildsala, Exeter Hótel, Skinney Þinganes, Krauma, Berjaya Iceland Hotels, Sundlaug Hafnar, John Lindsay heildsala, Hrafnaveilir Guest House og Norðlenska.

Til hamingju allir sem tóku þátt, sjáumst aftur að ári liðnu á næsta Golfmóti Sindra! Knattspyrnudeild Sindra og Golfklúbbur Hornafjarðar.

## VIÐBURÐIR Í OKTÓBER Á HAFINU




13. OKTÓBER

KARAOKE



20. OKTÓBER

PUBQUIZ



27. OKTÓBER

HREKKJAVÖKUPARTÝ



7 OKTÓBER

TRÚBADORAR  
GUNNI & BJARKI



14. OKTÓBER

FÓKUS  
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR



Austurbraut 20 Sími: 662-8281

Útgefandi: Eystrahorn ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Netfang: arndis@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## *Ramen eftir Gunnlaug Róbertsson og Laufeyju Sveinsdóttur*

Þetta er klassískur danskur réttur sem við prófuðum með hráefni héðan úr sýslunni. Rétturinn er einfaldur í gerð og passar við nánast öll tilefni. Okkur langar að gefa boltann yfir á Sædís Ósk Guðmundsdóttir og Sigurjón Örn Arnarson en þau eru algjörir meistara kokkar.



### Hráefni

200 gr hreindýrahakk  
Ein brauðsneið  
Rauðbeður  
Kapers  
Rauðlaukur  
Súrar gúrkur  
Piparrót  
Eggjarauða

### Aðferð:

Hakkinu er blandað saman við eggjahvítu, salt og pipar. Hakki er pakkað utan um brauð og steikt í smjöri með smá olíu. Rauðbeður, súrar gúrkur og rauðlaukur sneitt í hæfilega bita. Hráefni er dreift yfir buffið og toppað með hrárri eggjarauðu.

Velbekomme.

# SPURNING VIKUNNAR

*Hvaða lag lýsir þér best?*



**Elínborg Rabanez**  
Simply the best með Tinu Turner



**Jenný Gunnarsdóttir**  
Jenny darling með Pelican



**Haukur Helgi Þorvaldsson**  
Traustur vinur með Upplyftingu



**Steindór Sigurjónsson**  
Viva la vida með Coldplay



## ORÐALEIT

- Hálfmáni
- Sveitabær
- Skúmaskot
- Flugvél
- Nenna
- Kerti
- Tómatur
- Sjór
- Hugrakkur
- Kvöldrós

**HRINGRÁS**  
ENDURVINNSLA

## Starfsfólk óskast

Hringrás óskar eftir starfsfólki á  
söfnunarstöð bæjarins við Sæbraut 1.

Starfið felur í sér að aka krókheysigámum til og  
frá urðunarstað, auk fjölbreyttra starfa á  
söfnunarstöð.

Við hvetjum öll kyn til þess að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir  
Jakon Guðlaugsson stöðvarstjóri  
Sími: 849-1482  
netfang: jakob@hringras.is

Eða Geir S. Gíslason rekstrarstjóri  
Sími: 663-9842  
netfang: geir@hringras.is

LANGAR ÞIG AÐ  
SYNGJA Í KARLAKÓR?



Karلاكórinn Jökull er að hefja sitt 51. starfsár  
og vilja bæta við sig söngmönnum í allar  
raddir. Áhugasamir endilega mæta, við  
tökum vel á móti nýjum félögum, svo og  
mönnum sem hafa verið í pásu og langar  
að koma aftur.

Æfingar eru í Hafnarkirkju á  
mánudagskvöldum kl. 19:30 - 21:30.

Nánari upplýsingar veitir  
Lars Jóhann og Guðjón Bjarni

**Anubis ehf.**  
+354 856 2666  
anubis.ehf@gmail.com  
**anubis.is**

Tarot lestur  
Þroskaþjálfun  
Málverk  
Talnafræði  
Einstök kínversk stjörnuspá

**Kínverska árið 2024 hefst tíunda febrúar,  
svo vinsamlegast sendið pantanir  
fyrir 2024 fyrir lok árs 2023.**

